



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
105 Reykjavík

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is


Reykjavík 18. júlí 2017
Tilv.: FOR17040001/9.1.0

Vísað er til erindis umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dagsett 30. mars sl. þar sem óskað er eftir samþykki forsætisráðuneytisins fyrir stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs þannig að eftirtaldir þjóðlendur verði friðlýstar sem hluti þjóðgarðsins, í samræmi við lög nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð: Ærfjall (nr.5) skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2001, Fjall (nr. 6) skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2001, Breiðármörk (nr. 7) skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2001, Vestanvert Jökulsárlón (nr. 8) skv. Hrd. í máli nr. 345/2005, Veðurárdalssvæði-norðvestan Hvíttingsdals (nr. 9) skv. Hrd. í máli nr. 345/2005, Hafrafell (nr. 10) skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2001 og landsvæði framan við Hafrafell (merkt h) skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2001, sbr. kort óbyggðanefndar „Yfirlitskort yfir þjóðlendur á svæðum 1 - 8B " dagsett 11. október 2016.

Forsætisráðuneytið samþykkir að Vatnajökulsþjóðgarður verði afmarkaður svo sem greinir í erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og taki þar með yfir fyrrnefndar þjóðlendur sem innan þeirra marka falla. Sérstaklega skal tekið fram að þótt umræddar þjóðlendur verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs hagar það ekki ákvæðum 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998, þannig að áfram þarf leyfi forsætisráðherra fyrir afnotum sem þar eru tilgreind. Þá óskar forsætisráðuneytið eftir því að við gerð og endurskoðun verndunar- og stjórnunaráætlunar fyrir þjóðgarðinn sem taki til ofangreindra svæða og annarra þjóðlendna innan hans verði leitað eftir og tekið tillit til sjónarmiða ráðuneytisins sem handhafa eignarráða á þjóðlendum.

Leitað var eftir umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar um fyrirætlun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Í svari sveitarfélagsins, dags. 14. júlí sl., kemur fram að á fundi bæjarráðs þann 10. júlí sl. hafi ráðið bókað að það geri ekki athugasemdir við að umrætt landsvæði verði friðlýst sem hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Samráð var einnig haft við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurður Örn Guðleifsson


Regína Sigurðardóttir